

Sp.

397. Fyrirspurnir.

[188. mál]

- I. Til forsætisráðherra um staðfestingu á byggðaþróunaráætlun Norður-Þingeyjarsýslu.

Frá Ingvari Gíslasyni og Jóni G. Sólnes.

Hvenær má vænta þess að ríkisstjórnin staðfesti byggðaþróunaráætlun Norður-Þingeyjarsýslu?

- II. Til iðnaðarráðherra um nýjungar í húshitunarmálum.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

1. Hverjar eru niðurstöður athugana, sem gerðar hafa verið á vegum iðnaðaráðuneytisins á hagkvæmni nýrrar gerðar af miðstöðvarkatli — svonefndum „Nýtli“ — sem fundinn hefur verið upp hér á landi og notað getur jöfnum höndum olíu og rafmagn til upphitunar?
2. Hefur einhver ákvörðun verið tekin um hvort og þá hvernig greitt yrði fyrir því, að miðstöðvarkatlar af þessari gerð verði almennt teknir til notkunar á olíuhitunarsvæðum til þess að draga úr upphitunarkostnaði?

- III. Til félagsmálaráðherra um leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga.

Frá Helga F. Seljan.

1. Hverjar eru horfur varðandi framkvæmdir við leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga á yfirstandandi ári?
2. Hvað er líklegt, að mikill fjöldi nýrra leiguíbúða verði leyfður á þessu ári og hver er skipting þeirra eftir kjördæmum?
3. Hvað mun miklu fjármagni verða varið til þessara framkvæmda í ár?

- IV. Til menntamálaráðherra um frumvarp til nýrra iðnfræðslulaga.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Verður frumvarp til nýrra iðnfræðslulaga lagt fram á þessu þingi?